



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja

5. desember 2012

Tilvísun: 2011080012/101

Efni: Reglur um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum.

Samkvæmt 4. mgr. 30. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, setur Fjármálaeftirlitið reglur um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum. Fjármálaeftirlitið hefur á árinu unnið að endurskoðun núgildandi reglna um stórar áhættuskuldbindingar, nr. 216/2007, með hliðsjón af þeim breytingum sem innleiðing tilskipunar 2009/111/EB hefur á efni reglnanna.

Drög að endurskoðuðum reglum eru nú tilbúin, sbr. meðfylgjandi umræðuskjal nr. 13/2012. Við gerð draganna var, auk tilskipunar 2009/111/EB, höfð hliðsjón af sambærilegum reglum í Noregi og Danmörku.

Í kjölfar útgáfu reglnanna er áætlað að leiðbeinandi tilmæli um einstök ákvæði reglnanna verði sett á næsta ári. Tilmælin munu að hluta til fela í sér efni sem kom fram í drögum að leiðbeinandi tilmælum um mat á tengslum aðila í skilningi reglna um stórar áhættuskuldbindingar, nr. 7/2011, en efni umræddra draga verður endurskoðað að hluta. Ennfremur er fyrirhugað að endurskoða skýrsluformið sem notast er við vegna stórra áhættuskuldbindinga, svo það taki mið af endurskoðuðum reglum um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eftirlitinu eigi síðar en 11. janúar 2013. Umsagnir skulu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar á forsíðu meðfylgjandi umræðuskjals nr. 13/2012.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Hjálmar S. Brynjólfsson
Hjálmar S. Brynjólfsson



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Umræðuskjal

nr. 13/2012

Drög að reglum um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum.

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 11. janúar 2013. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna regludraga þessara.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

5. desember 2012

DRÖG:

REGLUR

um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í þessum reglum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Dótturfélag: Félag sem er undir yfirráðum annars félags; dótturfélag dótturfélags telst einnig dótturfélag móðurfélagsins.

Eiginfjárgrunnur: Eiginfjárgrunnur samkvæmt eiginfjárákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, en þó án eiginfjárpáttar C samkvæmt eiginfjárákvæðum sömu laga.

Fjölbjóða þróunarbankar og alþjóðastofnanir: Bankar og stofnanir sem hafa áhættuvog skv. 14. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, nr. 215/2007.

Heildaraðferð (e. Financial Collateral Comprehensive Method): Aðferð sem fjármálafyrirtækjum er heimilt að beita við mildun útlánaáhættu.

Hópur tengdra viðskiptamanna: Það telst hópur tengdra viðskiptamanna ef öðru eða báðum eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

a. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur sem, nema sýnt sé fram á annað, mynda eina áhættu vegna þess að einn þeirra hefur bein eða óbein yfirráð yfir hinum, eða

b. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur þar sem enginn einn hefur yfirráð yfir hinum, eins og skilgreint er í a-lið, en þeir teljast til sömu áhættu vegna þess að þeir eru svo fjárhagslega tengdir að líkur eru á að ef einn þeirra lendir í fjárhagserfiðleikum, einkum í tengslum við fjármögnun eða endurgreiðslu skulda, eigi hinn aðilinn eða allir í erfiðleikum með fjármögnun eða endurgreiðslu skulda.

Móðurfélag: Félag sem hefur yfirráð í öðru félagi.

Samstæða: Móðurfélag og dótturfélög þess.

Stórar áhættuskuldbindingar: Áhættuskuldbinding fjármálafyrirtækis vegna einstaks viðskiptamanns eða fjárhagslega tengdra aðila telst vera stór áhættuskuldbinding ef hún nemur 10% eða meira af eiginfjárgrunni.

Viðskiptahúsnæði (e. Commercial Real Estate): Með viðskiptahúsnæði er átt við verslunar- og skrifstofuhúsnæði og annað þjónustuhúsnæði sem auðvelt er að breyta notkun á.

Verðbréfun (e. Securitisation): Viðskiptasamningur eða kerfisfyrirkomulag þar sem lánaáhætta tengd ákveðinni kröfu eða kröfusafni er lagskipt í hluta (e. Tranches) með eftirfarandi hætti:

1. greiðslur samkvæmt viðskiptasamningnum eða kerfisfyrirkomulaginu eru háðar afkomunni af kröfunni eða kröfusafninu, og
2. forgangsröðun laganna (e. Tranches) ákvarðar dreifingu taps á líftíma viðskiptasamningsins eða kerfisfyrirkomulagsins.

Yfirrád: Tengsl milli móðurfélags og dótturfélags með eftirfarandi hætti:

1. að félag (móðurfélag) ráði yfir meiri hluta atkvæða í öðru félagi, eða
2. eigi eignarhluti í öðru félagi og hafi rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnarmanna eða stjórnenda, eða
3. eigi eignarhluti í öðru félagi og hafi rétt til að hafa afgerandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykka félagsins eða samninga við það, eða
4. eigi eignarhluti í öðru félagi og ráði meiri hluta í félaginu á grundvelli samnings við aðra hluthafa eða aðra eignaraðila, eða
5. eigi eignarhlut í öðru félagi og hafi ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn þess, eða
6. hliðstæð tengsl einstaklinga eða lögaðila við félag sem Fjármálaeftirlitið metur að leiði til raunverulegra áhrifa á starfsemi þess.

2. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar taka til fjármálafyrirtækja sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt 1.–4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, viðskiptabankar, sparisjóðir, lánaafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki. Reglurnar taka einnig til verðbréfafyrirtækja, að undanskildum verðbréfafyrirtækjum sem ekki hafa starfsheimildir skv. c- og f-lið 1. tölul. 1. mgr. 25. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Reglurnar taka til samstæðu fjármálafyrirtækis og móður- og dótturfyrirtækja, þ.m.t. útibúa, og mats á áhættu vegna skuldbindinga þeirra.

Við útreikning á áhættuskuldbindingum fjármálafyrirtækis, sem hefur staðfestu og starfsleyfi hér á landi, skulu áhættuskuldbindingar dótturfyrirtækja og útibúa, með tilskilin starfsleyfi utan Evrópska efnahagssvæðisins, taldar með.

3. gr.

Áhættuskuldbindingar.

Áhættuskuldbinding fjármálafyrirtækis, vegna einstakra viðskiptavina eða hóps tengdra viðskiptavina, telst vera samtala lánveitinga, verðbréfaeignar, eignarhluta og veittra ábyrgða auk annarra skuldbindinga sömu aðila gagnvart fjármálafyrirtæki.

Til áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækis, vegna einstakra viðskiptavina eða hóps tengdra viðskiptavina, teljast eignaliðir og liðir utan efnahagsreikning, sbr. ákvæði V. kafla reglna Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, nr. 215/2007. Útlánaígildi (e. *Credit Equivalent*) liða utan efnahagsreiknings skal reiknað í samræmi við ákvæði 8. gr. og 9. gr. sömu reglna.

Eignaliðir sem dragast frá við útreikning á eiginfjárgrunni samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, eru undanskildir útreikningi skv. 1. og 2. mgr.

Eftirfarandi liðir teljast ekki til áhættuskuldbindinga:

- a. áhættuskuldbindingar í gjaldeyrisviðskiptum sem verða til í tengslum við eðlilegt uppgjör tveimur starfsdögum eftir greiðslu,
- b. áhættuskuldbindingar í viðskiptum vegna kaupa og sölu á verðbréfum sem verða til í tengslum við eðlilegt uppgjör fimm virkum dögum eftir greiðslu verðbréfanna, eða afhendingu þeirra, ef sú dagsetning fer á undan,
- c. seinkuð móttaka fjármögnunar vegna millifærslu peninga, þ.m.t. framkvæmd greiðsluþjónustu, greiðslujöfnun og uppgjör í hvaða gjaldmiðli sem er og millibankaviðskipti eða uppgjör fjármálagerninga, uppgjör og vörsluþjónustu, og aðrar áhættuskuldbindingar vegna starfsemi viðskiptavina, sem varir ekki lengur en næsta viðskiptadag,
- d. áhættuskuldbindingar vegna millifærslu peninga, þ.m.t. framkvæmd greiðsluþjónustu, greiðslujöfnun og uppgjör í hvaða gjaldmiðli sem er og millibankaviðskipti, sem eiga sér stað innan dags gagnvart stofnunum eða fyrirtækjum sem veita þá þjónustu.

4. gr.

Ákvörðun á hópi tengdra viðskiptamanna.

Við ákvörðun á hópi tengdra viðskiptamanna skal fjármálafyrirtæki meta áhættur vegna undirliggjandi eigna í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, sbr. o-lið 10. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, nr. 215/2007, með því að athuga i) eignasöfn sjóðanna (e. *Scheme*), ii) undirliggjandi áhættur þeirra eða iii) bæði eignasöfnin og undirliggjandi áhættur. Fjármálafyrirtæki skal við ákvörðun á hópi tengdra viðskiptamanna meta áhættur vegna verðbréfunar, sbr. m-lið 10. gr. reglna nr. 215/2007 eða annarra áhættuskuldbindinga, sbr. p-lið 10. gr. reglna nr. 215/2007, með sama hætti.

Til að greina undirliggjandi áhættur skv. 2. mgr. skal fjármálafyrirtæki leggja mat á efnahagslegt inntak (e. *Economic Substance*) og áhættur sem felast í umgjörð fjármálagerninganna.

Leiki vafi á því hverjir teljast til hóps tengdra viðskiptamanna er fjármálafyrirtæki skylt að tengja aðila saman nema viðkomandi fjármálafyrirtæki geti sýnt fram á hið gagnstæða.

5. gr.

Innra eftirlit.

Fjármálafyrirtæki skulu beita traustum stjórnunar- og reikningsskilaaðferðum (e. *Sound Administrative and Accounting Procedures*) og hafa yfir að ráða innra eftirlitskerfi þar sem allar stórar áhættuskuldbindingar og breytingar á þeim eru rekjanlegar.

Hjá fjármálafyrirtæki skulu vera til staðar fullnægjandi og skjalfestir innri ferlar til að greina og meta stórar áhættuskuldbindingar, þannig að unnt sé að hafa eftirlit með þeim. Innri ferlarnir skulu endurmetnir reglulega til að tryggja að þeir séu ávallt fullnægjandi.

6. gr.

Skýrslugjöf.

Fjármálafyrirtæki skulu senda Fjármálaeftirlitinu skýrslu um stórar áhættuskuldbindingar einstakra viðskiptamanna eða hóps tengdra viðskiptamanna á því formi sem það ákveður. Skýrslur skal senda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega, þ.e. miðað við lok mars, júní, september og desember. Þær skulu hafa borist Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 30 dögum frá uppgjörstegi.

Í skýrslum skal tilgreina eftirfarandi upplýsingar um allar stórar áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækis, þ.m.t. stórar áhættuskuldbindingar sem eru undanþegnar beitingu 8. gr. þessara reglna:

- a. auðkenningu viðskiptavinar fjármálafyrirtækis eða kennitölur og nöfn allra aðila í hópi tengdra viðskiptamanna fjármálafyrirtækis,
- b. fjárhæð áhættuskuldbindingar (e. *Exposure Value*) áður en tekið er tillit til áhrifa af draga úr útlánaáhættu, þegar við á,
- c. fjárhæð áhættuskuldbindingar eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa af því að draga úr útlánaáhættu skv. 8. gr. þessara reglna,
- d. tegund fjármagnaðrar eða ófjármagnaðrar útlánavarnar, ef þess háttar vörn er notuð.

Fjármálafyrirtæki skulu greina verulega samþjöppunaráhættu í hlutfalli af eiginfjárgrunni, sem tengist útgefanda trygginga eða ábyrgða, veitanda ófjármagnaðrar útlánavarnar eða undirliggjandi eignum skv. 2. og 3. mgr. 4. gr. þessara reglna, og grípa til viðeigandi ráðstafana til að draga úr slíkri áhættu. Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu reglulega niðurstöður slíkra greininga.

7. gr.

Takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum.

Fjármálafyrirtæki er óheimilt að stofna til áhættuskuldbindingar gagnvart viðskiptavini eða hópi tengdra viðskiptamanna, að teknu tilliti til 8. gr. þessara reglna, ef fjárhæð hennar er hærri en 25% af eiginfjárgrunni fyrirtækisins.

Áhættuskuldbindingar vegna viðskiptavina sem eru fjármálafyrirtæki svo og áhættuskuldbindingar vegna eins eða fleiri fjármálafyrirtækja sem tilheyra hópi tengdra viðskiptamanna, mega ekki fara yfir 25% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis eða 150 milljónir evra (EUR) hvort heldur sem er hærra. Heildarfjárhæð áhættuskuldbindingar skal þó ekki fara yfir 25% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækisins, að teknu tilliti til 8. gr. þessara reglna, gagnvart þeim aðilum í hópi tengdra viðskiptamanna sem ekki eru fjármálafyrirtæki.

Ef fjárhæðin 150 milljónir evra er hærri en sem nemur 25% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis skal fjárhæð áhættuskuldbindingar, að teknu tilliti til 8. gr. þessara reglna, ekki fara yfir hæfileg mörk með tilliti til eiginfjárgrunns fyrirtækisins. Fjármálafyrirtæki skulu ákveða umrædd mörk í samræmi við stefnu og verklagsreglur sem kveðið er á um í 7. lið viðauka V sbr. 55. gr. A í reglum um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, nr. 215/2007, til að fjalla um og stýra samþjöppunaráhættu, og skulu þau ekki vera hærri en sem nemur 100% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis. Fjármálaeftirlitið getur heimilað fjármálafyrirtæki, í sérstökum tilvikum, að fara yfir 100% mörkin með tilliti til eiginfjárgrunns hennar.

Fjármálafyrirtæki skulu ávallt virða þau mörk sem kveðið er á um í 1. mgr. Fari áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækis yfir þau mörk, skal Fjármálaeftirlitinu tilkynnt án tafar frá fjárhæð áhættuskuldbindinganna. Fjármálaeftirlitið getur veitt fyrirtækinu frest til að koma skuldbindingum sínum í lögmætt horf.

8. gr.

Frádráttur vegna öruggra eignarliða.

Við útreikning fjárhæðar áhættuskuldbindinga samkvæmt 7. gr. þessara reglna er fjármálafyrirtækjum heimilt að undanskilja eftirtalda liði:

1. Eignaliðir sem eru kröfur á ríki, seðlabanka, alþjóðastofnanir eða fjölþjóða þróunarbanka, sem án tryggingar fengju 0% áhættuvog skv. V. kafla reglna Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, nr. 215/2007.
2. Eignaliðir sem eru kröfur eða aðrar áhættuskuldbindingar sem rekja má til eða eru með ábyrgð ríkja, seðlabanka, alþjóðastofnana, fjölþjóða þróunarbanka eða opinberra fyrirtækja og stofnana sem án tryggingar fengju 0% áhættuvog skv. V. kafla reglna Fjármálaeftirlitsins, nr. 215/2007.
3. Eignaliðir, sem fela í sér kröfur eða aðrar áhættuskuldbindingar á héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld í aðildarríkjum, þar sem þessum kröfum yrði úthlutað 0% áhættuvog skv. 12. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins, nr. 215/2007.
4. Áhættuskuldbindingar vegna mótaðila sem er fyrirtæki innan sömu samstæðu, ef mótaðillinn fær áhættuvægið 0% skv. V. kafla reglna Fjármálaeftirlitsins, nr. 215/2007 og uppfyllir öll eftirtalin skilyrði:
 - i. er fjármálafyrirtæki, eignarhaldsfélag á fjármálasviði, fyrirtæki tengt fjármálasviði eða fyrirtæki í hliðarstarfsemi í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fyrirtækisins,
 - ii. er að fullu hluti af sömu samstæðureikningsskilum,
 - iii. lýtur sama áhættumati, -mælingu og -stýringu og fjármálafyrirtækið,
 - iv. hefur staðfestu í sama ríki og fjármálafyrirtækið og
 - v. að ekki séu kunnar eða fyrirséðar neinar verulegar hömlur, lagalegar eða aðrar, á tilfærslu eigin fjár eða endurgreiðslum skuldbindinga frá mótaðila til fjármálafyrirtækisins.

Áhættuskuldbindingar sem ekki uppfylla öll ofangreind skilyrði skal meðhöndla sem áhættuskuldbindingar gagnvart þriðja aðila.

5. Eignaliðir og aðrar áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með handveði í innstæðum (e. *Cash Deposits*) hjá eða innlánsskírteinum (e. *Certificate of Deposits*) útgefnum af viðkomandi lánastofnun (e. *Lending Credit*

Institution) eða fjármálafyrirtæki sem er móðurfyrirtæki eða dótturfyrirtæki þess, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Reiðufé sem er mótttekið samkvæmt lánshæfistengdu skuldabréfi, sem lánastofnunin gefur út, og lán og innlán mótaðila hjá lánastofnuninni, sem falla undir skuldajöfnunarsamning innan efnahagsreiknings sem er viðurkenndur skv. VII. kafla í reglum Fjármálaeftirlitsins, nr. 215/2007, teljast falla undir þennan lið.

6. Liðir utan efnahagsreiknings sem bera litla áhættu skv. 4. tölul. 8. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins, nr. 215/2007, enda leiði samningur um lánsheimild eða sambærilega áhættuskuldbindingu við viðskiptamann eða fjárhagslega tengda aðila ekki til þess að áhættuskuldbinding vegna viðkomandi aðila fari yfir mörkin sem miðað er við í 7. gr. þessara reglna.
7. Sértryggð skuldabréf sem uppfylla skilyrði skv. 1. – 3. mgr. 21. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins, nr. 215/2007, og 68., 69. og 70. lið í VI. viðauka sbr. 55 gr. A í reglum Fjármálaeftirlitsins, nr. 215/2007.
8. 50% af bankaábyrgðum, með litla eða miðlungsáhættu, utan efnahagsreiknings og af þeim ónotuðu lánsheimildum, með litla eða miðlungsáhættu, sem um getur í 8. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins, nr. 215/2007, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

9. gr.

Fjárhagslegar tryggingar.

Lánaafleiður (e. *Credit Derivatives*), að undanskildum lánshæfistengdum skuldabréfum, skv. öðrum hluta VIII viðauka, sbr. 55. gr. A í reglum Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, nr. 215/2007, flokkast sem ábyrgð (e. *Guarantee*) samkvæmt þessum reglum.

Fjármálafyrirtæki skulu ekki taka tillit til þeirra trygginga sem um getur í 20. til 22. lið fyrsta hluta VIII. viðauka, sbr. 55. gr. A reglna Fjármálaeftirlitsins, nr. 215/2007, nema það sé heimilt skv. 10. gr.

10. gr.

Fasteignir.

Fjármálafyrirtækjum er heimilt að lækka virði áhættuskuldbindingar um allt að 50% af virði íbúðarhúsnæðis ef annað hvort eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

- a. áhættuskuldbindingin er tryggð með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði sem eigandi býr í eða leigir út,

- b. áhættuskuldbindingin tengist kaupleigusamningi og leigusalinn hefur fullt eignarhald á fullbúnu íbúðarhúsnæði, svo fremi leigutaki nýti ekki forkaupsrétt sinn.

Kröfunum sem settar eru fram í 8. lið 2. hluta í VIII. viðauka, sbr. 55. gr. A reglna Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, nr. 215/2007, skal beitt að því er varðar 1. mgr.

Fjármálafyrirtækjum er heimilt að lækka virði áhættuskuldbindingar um allt að 50% af virði viðskiptahúsnæðis enda fái áhættuskuldbindingin 50% áhættuvog skv. V. kafla reglna Fjármálaeftirlitsins, nr. 215/2007, og uppfylli annað hvort eftirfarandi skilyrða:

- a. áhættuskuldbindingin er tryggð með veði í fullbúnu viðskiptahúsnæði sem er í leigu og gefur af sér viðeigandi leigutekjur,
- b. áhættuskuldbindingin tengist kaupleigusamningi er varða fullbyggt viðskiptahúsnæði sem er í leigu og gefur af sér viðeigandi leigutekjur.

Verð íbúðarhúsnæðisins eða viðskiptahúsnæðis skal reiknað samkvæmt fasteignamati Fasteignamats ríkisins eða öðru kerfisbundnu mati sem Fjármálaeftirlitið telur fullnægjandi, á grundvelli varfærinna matsreglna sem mælt er fyrir um í lögum eða stjórnisýslufyrirmælum. Slíkt mat skal framkvæmt að minnsta kosti einu sinni á þriggja ára fresti.

11. gr.

Heildaraðferð.

Við útreikning á fjárhæð áhættuskuldbindinga er fjármálafyrirtæki heimilt að nota leiðrétt virði áhættuskuldbindinga (e. *Fully Adjusted Exposure Value*), skv. VII. kafla reglna Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, nr. 215/2007, ef skilyrði þess eru fyrir hendi.

Fjármálafyrirtæki, sem nýtir heimild 1. mgr., nánar tiltekið heildaraðferðina (e. *Financial Collateral Comprehensive Method*) skv. VIII. viðauka sbr. 55. gr. A reglna Fjármálaeftirlitsins, nr. 215/2007, skal við útreikning á fjárhæð áhættuskuldbindinga gera reglubundin álagspróf vegna samþjöppunar á útlánaáhættu. Slíkt álagspróf skulu taka mið af áhættu sem stafar af hugsanlegum breytingum á markaðsaðstæðum og gætu haft neikvæð áhrif á eiginfjárkröfur fjármálafyrirtækis og áhættu sem stafar af innlausn veðs við álagsaðstæður. Fjármálafyrirtæki skal sýna Fjármálaeftirlitinu fram á að álagsprófin sem hafa verið gerð séu fullnægjandi fyrir mat á slíkri áhættu.

Þegar þess konar álagspróf benda til lægra söluvirðis tryggingar skal virði tryggingar lækkað í samræmi við það.

Fjármálafyrirtæki, sem nýtir ofangreinda heimild, skal setja sér stefnu og verklagsreglur vegna samþjöppunaráhættu sem fela í sér eftirfarandi:

- a. meðhöndlun áhættu vegna misræmis í binditíma milli áhættuskuldbindinga og allrar útlánaverndar þessara áhættuskuldbindinga,
- b. meðhöndlun niðurstöðu álagsprófs sem bendir til lægra söluvirðis trygginga en gert var ráð fyrir við notkun heildaraðferðar, og
- c. meðhöndlun samþjöppunaráhættu sem verður til við mildun útlánaáhættu, og einkum stórrar óbeinnar útlánaáhættu, t.d. gagnvart einum útgefanda verðbréfa sem er samþykkt sem trygging.

12. gr.

Tryggingar og veð.

Ef þriðji aðili ábyrgist áhættuskuldbindingu fjármálafyrirtækis gagnvart viðskiptavini er fjármálafyrirtæki heimilt að líta á tryggðan hluta áhættuskuldbindingarinnar sem áhættuskuldbindingu gagnvart ábyrgðarveitanda fremur en gagnvart viðskiptavini. Skilyrði er að ótryggð áhættuskuldbinding gagnvart ábyrgðarveitanda fengi sömu eða lægri áhættuvog en áhættuvog hins ótryggða hluta áhættuskuldbindingarinnar gagnvart viðskiptavininum.

Ef ábyrgð skv. 1. mgr. er í öðrum gjaldmiðli en áhættuskuldbindingin skal reikna út fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar, sem telst vera tryggð, í samræmi við ákvæðin um meðferð gjaldmiðilsmisræmis vegna ófjármagnaðrar útlánavarnar í VIII. viðauka sbr. 55. gr. A reglna Fjármálaeftirlitsins, nr. 215/2007. Misræmi milli gjalddaga áhættuskuldbindingarinnar og gjalddaga varnarinnar skal farið með í samræmi við ákvæðin um meðferð gjalddagamisræmis í VIII. viðauka sbr. 55. gr. A reglna Fjármálaeftirlitsins, nr. 215/2007.

Viðurkenna má vörn að hluta í samræmi við meðferðina sem er sett er fram í VIII. viðauka sbr. 55. gr. A reglna Fjármálaeftirlitsins, nr. 215/2007.

Ef þriðji aðili tryggir áhættuskuldbindingu fjármálafyrirtækis gagnvart viðskiptavini með veitingu veðs er fjármálafyrirtæki heimilt að líta á þann hluta áhættuskuldbindingarinnar sem áhættuskuldbindingu gagnvart veðveitanda fremur en gagnvart viðskiptavini. Skilyrði er að veðtryggður hluti áhættuskuldbindingarinnar fengi sömu eða lægri áhættuvog en áhættuvog hins ótryggða hluta áhættuskuldbindingarinnar gagnvart viðskiptavininum.

Fjármálafyrirtæki er ekki heimilt að nota þá aðferð sem um getur í 4. mgr. ef um er að ræða misræmi milli binditíma áhættuskuldbindingar og binditíma áhættuvarnar.

Fjármálafyrirtæki er ekki heimilt að nota bæði heildaraðferðina (e. *Financial Collateral Comprehensive Method*) og þá meðferð sem um getur í 4. mgr.

13. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 4. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla þá úr gildi reglur nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum.